



## Varna - Stéttirnar

Samkvæmt hinum fornu helgiritum hindúa hefur fólk mismunandi hlutverk í lífinu og er því skipt í fjóra hópa eða stéttir. Stéttirnar eru:

- Brahmínar, sem eru prestar og fræðimenn
- Kshatriyar, sem eru konungsfólk og herforingjar
- Vaishyar, sem eru bændur og kaupmenn
- Shudrar, sem eru vinnumenn og þjónar



Auk þessa fjögurra stétta er einnig hópur sem er utan stétta og kallast asprshya eða hinir stéttlausu. Lengi vel máttu æðri stéttirnar ekki hafa nein samskipti við hina stéttlausu því þeir voru álitnir óhreinir. Nýlega voru hinsvegar sett lög á Indlandi sem bönnuðu að fólki væri mismunað eftir stétt.

Að **mismuna** er að gera betur við einn en annan á ranglátan hátt. Ef tveir jafn hraustir menn koma út úr eyðimörkinni og þú gefur öðrum þeirra eitt vatnsglas en hinum tvö glös þá væri það mismunun. Ef aðeins annar mannanna væri hinsvegar mjög veikburða og aðframtömin af þorsta þá væri það ekki mismunun að gefa honum meira að drekka en þeim sem væri hraustari.

**Hringrás** er eitthvað sem endurtekur sig aftur og aftur.

Hindúar líta svo á að hver hópur hafi mismunandi skyldum að gegna og verði að sinna þeim vel til að færast upp um stétt í næsta lífi og á endanum losna undan hinni eilífu hringrás endurfæðinga. Þeir sem sinna skyldum sínum eru sagðir lífa lífi dharma eða réttisýnnar. Það er samt ekki nóg að sinna skyldum stéttar sinnar til að sýna rétta hegðun heldur eiga hindúar líka að þjóna mannkyninu og guði.

### Spurningar

1. Hverjar eru hinar fjórar stéttir í hindúatrú?
2. Segðu frá hinum stéttlausu.
3. Hvernig færast fólk upp um stétt samkvæmt trúnni?
4. Nú hafa margar starfsgreinar bæst við frá því að stéttakerfi hindúa var skilgreint. Flokkaðu eftirfarandi stöður eftir því sem þér finnst eiga við: kennari, bankastjóri, forsætisráðherra.